



AÐALFUNDARBOÐ

Boðað er til aðalfundar Korpúlfa **miðvikudag 26. febrúar kl. 13:30 í Hlöðunni, Gufunesbæ. Dagskrá fundarins** : Venjuleg aðalfundarstörf. Bernskuminningar í Hlöðunni **Guðlaugur Þorgeirsson** Korpúlfur, **Korpusystkin** skemmta eins og þeim einum er lagið og **Svavar Knútur** söngvaskáld heiðrar okkur með nærveru sinni. Myndasýning á tjaldi fyrir fund og kaffi á könnunni.

UNAÐSDAGAR Á HÓTEL STYKKISHÓLM

Korpúlfaferð á Unaðsdagana í Hólminum verður **12 til 16. maí 2014.**

Verð 39.900, gisting með morgunverð, hádegismatur og 3ja rétta kvöldverður alla dagana. Fjölbreytt áhugaverð dagskrá allan tímann og kvöldskemmtun með dansleik með áherslu á gömlu dansana öll kvöldin. Skráning er hafin hjá Birnu s: 411-1400 eða birna.robertsdottir@reykjavik.is og veitir nánari upplýsingar. Skráning stendur einnig yfir á **sparidagana á Hótel Örk 9. til 14. mars 2014, verð 44.000.-** 5 nætur og fjölbreytt dagskrá, bæklingar á Korpúlfsstöðum.

STAFAGÖNGUNÁMSKEIÐ Í EGILSHÖLL

Guðný Aradóttir stafagönguleiðbeinandi verður með stafagöngunámskeið fyrir Korpúlfa **mánudaginn 10. mars kl. 10:00 í Egilshöll**. Með því að nota stafi við göngu virkjust vöðvar efri hluta líkamans meira, rannsóknir sýna góð áhrif stafagöngu á hjarta, háls og herðar. Allir velkomnir, enginn skráning, bara mæta **Þátttökugjald 500.- krónur** og Guðný kemur með göngustafi fyrir þá sem þurfa

NÝTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST Í QIGONG

Nýtt námskeið í Qigong á vegum **Þóru Halldórsdóttir** Qigongleiðbeinanda **hefst 25. febrúar** í kjallara Grafarvogskirkju og lýkur 1. apríl 2014. Kennsla fer fram **Þriðjudaga og föstudaga frá kl. 11:00 alls 11 skipti.**

Þátttökugjald 5.500.-

BORGARLEIKHÚSFERÐ

Minnum á Borgarleikhúsferðina að sjá Óskasteina **fimmtudaginn 27. febrúar**. Frí rúta í boði Miðgarðs leggur af stað **frá Rimaskóla kl. 19:15.**

HAUSTFERÐ 2-4 SEPTEMBER UM EYJAFÖRÐ OG NÁGRENNI

Ferðanefnd Korpúlfa er að vinna að spennandi haustferð **2 til 4.sept. 2014.** Áhugsamir beðnir að taka dagsetningarnar frá, ferðatilhögun og skipulag auglýst nánar í næsta bréfi og **skráning mun hefjast í mars.**

Birna Róbertsdóttir Miðgarði og Halldóra Helga Jóhannesdóttir formaður